

Jafnrétti, sjálfsvirðing og hugmyndafræði

fyrirlestur á jafnréttisdögum HÍ, 18. október 2013

Ólafur Páll Jónsson

dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Hvers vegna eru sum mál sem tengjast jafnrétti, hvort heldur jafnrétti karla og kvenna eða jafnrétti í víðari skilningi þess orðs, svona erfið viðureignar? Hvers vegna gerist að því er virðist svo lítið á ýmsum sviðum jafnréttis á sama tíma og það gerist svo mikið á öðrum sviðum? Eins og margir aðrir hef ég furðað mig á þessu, á köflum finnst mér staðan jafnvel dapurleg. Ég klóra mér í hausnum og ríf jafnvel hár mitt þótt lítið sé. Ef þið komuð hingað í dag til að fá ráð um hvernig megi breyta þessu, þá mun ég örugglega valda ykkur vonbrigðum. Ég hef engar lausnir og ég ætla heldur ekki að draga fram nein yfiringileg dæmi. En kannski hef ég einhverjar skýringar á því hvers vegna vandinn er svona erfiður viðureignar.

Vandinn sem við er að glíma, nefnilega misrétti í samfélaginu, er félagslegur og pólitískur. Með þessu á ég við að vandinn, t.d. misrétti karla og kvenna, birtist sem félagsleg stærð og hefur pólitískar afleiðingar. Vandinn á sér líka að einhverju leyti pólitískar orsakir. Þegar ég segi að hann eigi sér pólitískar orsakir þá meina ég þetta: Orsakirnar eru að hluta til að minnstka kosti bundnar pólitískum stofnunum, þær eru tengdar aðgangi að pólitísku valdi og breytileikinn – sem við getum alveg kallað mismunun – varðar hugmyndir um pólitíska verðleika (sbr. Ingóflur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Susan Moller Okin, 1989; Martha Nussbaum, 2006).

En vandinn er líka tengdur einstaklingum, einstaklingsbundnum viðhorfum og athöfnum. Hinn félagslegi veruleiki á ævinlega rætur í einstaklingsbundnum viðhorfum og

athöfnum. Ég held að það sé ógerningur að skilja hið félagslega án þess að gefa gaum að hinu persónulega. Þetta gengur reyndar í báðar áttir. Það er ógerningur að skilja hið persónulega án þess að gefa gaum að hinu félagslega. Í þessu erindi mínu ætla ég að hafa nokkur orð um þessi tengsl, leggja til nokkrar hugmyndir um hvernig mætti hugsa um þau og líka hvernig ætti ekki að hugsa um þau. Vonin er sú að kannski megi skilja betur hvers vegna sum mál tengd misrétti í samfélaginu eru jafn þrálát og raun ber vitni.

Hið persónulega og hið félagslega

Ég held að ef við viljum skilja eðli og orsakir misréttis í samfélaginu þá verðum við að skilja samspil hins einstaklingsbundna og hins félagslega. Þetta eru auðvitað engin ný sannindi, og næstum of augljós til að hafa orð á þeim. Það sem ekki er augljóst í þessu sambandi er nákvæmlega hvers eðlis þessi tengsl eru. Misrétti nærast gjarnan á fordómum, og þá ekki bara fordómum sem eru bundnir tilteknum einstaklingi heldur fordómum sem með einhverjum hætti eru landlægir, ef svo má segja, vegna þess að þeir eru viðteknir meðal margra og oft meðal tiltekinna hópa.

Stundum er hegðun, sem endurspeglar slíka fordóma, lýst sem hjarðhegðun vegna þess að fólk fer um eins og dýr í hjörð. Sú skýring fylgir líka oft með að fólk hagi sér með slíkum hætti vegna áskapaðs hjarðeðlis. Slíkar skýringar eru algerlega innantómar. Þær eru álíka bitastæðar og skýringin í leikriti Molières á því, hvers vegna ópíum hafi svæfandi áhrif. Skýring var sú að ópíum byggi yfir svæfingarmætti. Á líkan hátt getum við skýrt hvaða félagslega fyrirbæri sem er, hvort sem er hjarðhegðun eða misrétti, tískusveiflur eða hvað annað, með því að fólk hafi samsvarandi hneigð. Og gögnin sem sanna að fólk hafi þessa hneigð eru einmitt þau að fólk hafi tilhneigingu til að hegða sér á einmitt þann hátt sem henigðinni hæfir.

Hugmyndafræði

Eiginleg skýring á því sem við köllum hjarðhegðun, tískusveiflur eða viðtekin venja hlýtur að taka mið af ríkjandi hugmyndafræði. Ég nota orðið hugmyndafræði á svipaðan hátt og Páll Skúlason eða Slavoj Zizek. Hugmyndafræði er þá ekki yfirlýst stefna eða úthugsuð kenning sem birtist með vísitvöldum hætti í fræðiritum eða áróðursbæklingum. Við getum

kannski sagt sem svo að ríkjandi hugmyndafræði sé samsafn kenninga, viðhorfa, hugmynda – jafnt fordóma, hleypidóma sem ígrundaðri hugmynda – og hún birtist í því hvernig fólk hugsar um og horfir á heiminn, hvernig fólk hegðar sér, hvaða markmið það setur sér og hvaða gildi það telur mikilvæg. Hugmyndafræði í þessum skilningi er ekki látin berlega í ljósi, hvorki af tilteknum einstaklingum né hópum, heldur birtist hún í því sem fólk segir og gerir, og ekki síður í því sem fólk segir ekki og gerir ekki. Hugmyndafræði í þessum skilningi er ekki eitthvað sem fólk samþykkir vísvitandi og hún er heldur ekki studd rökum, því hún þarf ekki á rökstuðningi að halda heldur felur hún í sér það sem er viðtekið. Ríkjandi hugmyndafræði birtist þess vegna, á hverjum tíma, sem hið augljósa – jafnvel það sem fólk kallar heilbrigða skynsemi. Eftir á að hyggja, eftir að tiltekin hugmyndafræði hefur liðið undir lok og ný tekið við, birtist það sem var heilbrigð skynsemi þó oft sem hvorki heilbriggt né skynsamlegt (Ólafur Páll, 2011, kafli 3).

Það sem ég vil gefa sérstakan gaum að er að ríkjandi hugmyndafræði skilgreinir með óbeinum hætti ekki bara það sem er sjálfsagt eða það sem við köllum heilbrigða skynsemi, heldur líka það sem metið er einhvers *virði*. En byrjum á hinu sjálfsagða. Sú staðreynd að sumt telst sjálfsagt flýtur ekki yfir hausamótum okkar eins og fjallaþoka sem nær niður í miðjar hlíðar en stoppar þar. Nei, hið sjálfsagða er sjálfsagt vegna þess að það nær inn í hausinn á okkur, inn í hugsunarhátt okkar og inn í innsta kjarna þess sem við erum. Það nær inn í hugsunarháttinn með því að við stöldum við sumt en ekki annað, við biðjum um skýringar á sumu en ekki öðru, við köllum jafnvel eftir rökum eða réttlætingu fyrir sumu en ekki öðru. Tökum nokkur ólík dæmi:

- Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að vernda náttúruna en það þarf ekki að réttlæta það sérstaklega að nýta hana sem hráefni.
- Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að fjalla um íþróttir kvenna í sjónvarpi en það þykir sjálfsagt að fjalla um íþróttir karla.
- Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að gera vegi fyrir hjól en það þykir sjálfsagt að leggja vegi fyrir bíla – jafnvel án þess að taka tillit til annars konar umferðar.
- Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að almennir skólar séu fyrir fötluð börn en ekki bara fyrir börn sem við köllum „venjuleg“.

Þetta eru bara fjögur dæmi. Það er reyndar ekki alveg auðvelt að finna svona dæmi úr samtímanum því þau varða einmitt það sem svo mörg okkar hafa innbyrt sem heilbrigða skynsemi. Og það sem er heilbrigð skynsemi þarfnast ekki réttlætningar eða rökstuðnings.

Tengingin við jafnrétti er kannski augljós því margvísleg mismunun, kúgun eða jöðrun þykir á hverjum tíma sjálfsgöð; hún er inngróin í og viðhaldið af ríkjandi hugmyndafræði. Og til að setja kjöt á þessi bein mætti sem best tína til margvísleg hefðbundin kynjahlutverk, svo sem það að annast börn eða gamalt fólk, hvort heldur inni á heimili eða á stofnunum samfélagsins. Þetta er vissulega mikilvæg tenging, en ég ætla ekki að fjalla um hana núna. Það sem mig langar að velta fyrir mér er enn djúpstæðari ástæða fyrir því að hugmyndafræði réttlætir og viðheldur misrétti og skuli vera jafn þrautseig og raun ber vitni. Hér eru það ekki beinlínis kynjahlutverkin sem skipta máli, og það er ekki beinlínis kynbundið valdakerfi sem ég ætla að fjalla um, þótt það sé málinu vissulega ekki óviðkomandi. Mig langar að beina augum mínum að sjálfinu, hvað það er, hvernig það þróast og hvernig það greinir sig frá öðrum sjálfum. Hér er það ekki bara hið sjálfsgæða sem skiptir máli heldur líka hið verðmæta.

Sjálfíð

Samtíminn er uppfullur af allskyns sjálfs-iðnaði liggur mér við að segja. Það eru gefnir út margir hillumetrar af sjálfshjálparbókum á hverju ári, og í fjölmiðlaumfjöllun og hversdagsmenningu er vart þverfótað fyrir ráðleggingum eða umfjöllun um sjálfsálit, sjálfsöryggi, sjálfsmynd og hvað annað sem tengist sjálfinu. En hvað er þetta sjálf? Og hvernig verður það til? Heimspekilegar greiningar á sjálfinu byrja gjarnan á Descartes sem nú hefur legið í gröfinni í 350 ár (Descartes, 2001). Descartes taldi að hugurinn væri sjálfstæður innri veruleiki, hann væri sæti hugsunar og vitsmuna og aðgreindur frá líkamanum. Í vitsmunastarfi væri það hugurinn sem væri *gerandi*; það væri hugurinn sem hugsar, efast, skilur, finnur til, hefur langanir, o.s.frv. Descartes gekk raunar svo langt að telja dýr algerlega laus við huga og þar með ófær um að hafa hugmynir og tilfinningar. Að hans mati voru dýr einskonar og lifandi vélar sem brugðust við umhverfi sínu með einberum mekanískum hætti.

Eitt af því sem er einkennandi fyrir hugmyndir Descartes er alger aðgreining hins huglæga eða hugræna annars vegar og hins líkamlega hins vegar. Fyrir þetta hefur hann líka

fengið mikið bágð í fræðunum, bæði frá heimspekingum – t.d. breska heimspekingnum Gilbert Ryle sem sagði að hugmyndir Descartes væru í raun um draug í vél (Ryle, 1994) – og síðar frá raunvísindamönnum eins og Antonio Damasio sem hefur skrifað skemmtilega bók sem heitir hreinlega *Villa Descartes*.

Kenning Descartes er réttnefnd hluthyggja um sjálfið; sjálfið er til sem sjálfstæður hlutur. Það sem einkennir hluthyggju um sjálfið – ekki bara hluthyggju eins og hún birtist hjá Descartes heldur hvaða hluthyggju sem er – er einkum þrennt (sjá Kristján Kristjánsson, 2010, bls. 29 o.áfr.):

(1) Aðgreining sjálfs og sjálfsmýndar. Raunsæ eða rétt sjálfsmýnd er mynd sem er í samræmi við fyrirmyndina en er eftir sem áður eitthvað annað, rétt eins og teikning eða ljósmynd getur dregið upp rétta eða raunsanna mynd af fyrirmynd án þess að vera hið sama og fyrirmyndin. Það skiptir líka máli í þessu sambandi að fyrirmyndin er í vissum skilningi óháð eftirmýndinni. Sjálfið breytist ekki endilega með breyttri sjálfsmýnd.

(2) Sjálfsþekking er hlutlæg þekking. Sjálfsþekking, samkvæmt hluthyggju um sjálfið, er þekking á raunverulegum hlut rétt eins og þekking mín á gleraugunum mínum er þekking á raunverulegum hlut. Þessi þekking getur verið rétt eða röng, nákvæm eða ónákvæm, o.s.frv. En það sem skiptir máli er að hugmyndin um sjálfsþekkingu er fullkomlega hversdagsleg hugmynd um þekkingu.

(3) Sjálfið sem viðfangsefni hugsunar. Þriðja atriðið sem einkennir hluthyggju um sjálfið er að við getum hugsað um það sem hvert annað viðfangsefni. Það var mikilvægt atriði í röksemdafærslu Descartes að hann hefði milliliðalausán aðgang að eigin sjálfi án þess að nokkur efi gæti komist að. Margir hluthyggjumenn um sjálfið, bæði í fortíð og nútíð, deila ekki þessari hugmynd með Descartes – allavega ekki nema að litlu leyti. Í staðinn segja þeir að þegar maður hugsar um sjálfið eða reynir að komast að raun um hvernig það er, þá sé maður bundinn sambærilegum þekkingarfræðilegum skorðum og þegar maður rannsakar ytri hluti. Með sjálfskodun getur maður komist að vitlausum niðurstöðum ekki síður en þegar maður íhugar og rannsakar ytri veruleika.

Það er skemmst frá því að segja að hluthyggja um sjálfið hefur ekki átt upp á pallborðið síðustu ár – þ.e. síðustu 50 ár eða svo – ef frá eru taldir ýmsir gervigreindarfræðingar sem gera sér ekki grein fyrir því að hugmyndir þeirra um sjálfið eru í raun í anda Descartes og

hafa verið hraktar margfaldlega fyrir mörgum árum. Þess í stað hafa komið fram allskyns smíðahyggjuhugmyndir um sjálfið, þ.e. hugmyndir um að sjálfið sé einhverskonar smíðisgripur sem verði til í samskiptum einstaklings við umhverfi sitt á langri þroskabraut. Samkvæmt smíðahyggju-hugmyndum um sjálfið er sjálf ekki til sem sjálfstæður hlutur eða fyrirbæri, heldur einungis tiltekið ástand. Í greininni, „Mind as a social formation“ lýsir heimspekingurinn Rom Harré einni slíkri hugmynd. Hann segir m.a.:

Félagsleg smíði hugans er sú kenning að hugur sé menningarleg afurð sem verði til meðal einstaklinga í nánnum tengslum við félagsleg og söguleg skilyrði sem móta uppvöxt og athafnir þeirra. (Harré, 1986 bls. 91)

Skömmu síðar vísar Harré nánar að því hvað felist í því að búa yfir sjálfi:

Að vera sjálf er ekki að vera tiltekin tegund af hlut heldur að búa yfir kenningu af sérstöku tagi. Maður notar kenningu til að skipuleggja eigin þekkingu og reynslu af eigin ástandi á sama hátt og maður notar þær kenningar efnisvísindanna sem maður ræður yfir til að skipuleggja þekkingu manns og reynslu af hinum efnislega heimi. (Harré, 1986, bls. 101)

Þessi hugmynd er allrar athygli verð og hefur augljósar afleiðingar fyrir viðfangsefni okkar í dag.

Ef það er rétt hjá Harré að hugurinn sé „menningarleg afurð sem verði til meðal einstaklinga í nánnum tengslum við félagsleg og söguleg skilyrði sem móta uppvöx og athafnir þeirra“ þá er staðan þessi: Þau einstaklingsbundnu viðhorf sem styðja og viðhalda mismunun í samfélaginu eru mörg hver ekki nein venjuleg viðhorf heldur viðhorf sem eru svo djúpstæða að þau eru beinlínis skilgreinandi fyrir hver við erum. Þau mynda kjarna sjálfsins en eru ekki bara tilfallandi viðhorf sem hægt er að hafa áhrif á með einföldum hætti.

Að breyta fjalli

Ef við föllumst á hugmyndir Harrés um sjálfið sem kenningu, þá liggur eiginlega beinast við að spyrja um hvað þessi kenning sé, eða hvað hún tilgreini. Kannski hún tilgreini hluti sem varða kyn og stöðu. Kannski er lykilatriði í sjálfskenningum karla einmitt að þeir séu

karlar. Karlmenntuhugmyndir eru þá kannski ekki bara hugmyndir karla um stöðu og völd (þótt það fylgi með), heldur varða þær beinlínis hverjir þeir eru. Á sama hátt væru þá hugmyndir kvenna um kvenleika ekki bara hugmyndir um stöðu og völd heldur hugmyndir um hverjar þær eru. Þetta gæti e.t.v. skýrt hvers vegna margt í sambandi við kynjahlutverk og kynímyndir er svo fast í sessi. Þetta eru ekki bara hugmyndir um tilfallandi hlutverk heldur hugmyndir um sjálfsveru – hver við erum.

Þetta er kannski sennilegt og kannski er gagnlegt að hugsa um kynin, kynímyndir og misrétti á þessum nótum – og ekki bara kynin heldur líka um þjóðerni og hverskyns aðgreiningu í *við* og *hinir*. En mér finnst þetta samt ekki nógu sannfærandi hjá Harré. Ég fæ ekki séð að sjálf í þessum skilningi gæti verið nógu stöðugt og heldur ekki nógu rótfast í tilfinningum og hneigðum. Kenning um sjálfið þarf að vera samrýmanleg því að við (1) getum búið yfir sjálfsþekkingu, mis nákvæmri eða ítarlegri, (2) að við getum verið haldin sjálfsblekkingu, (3) að manneskja getur haft heilsteypa sjálfsmynd sem er, eftir sem áður, röng eða bjöguð, (4) að sjálf manns getur tekið breytingum (sbr. „ég er ekki sama manneskjan og ég var fyrir 20 árum“), (5) að sjálf manns er, eftir sem áður, mjög stöðugt. Það skiptir líka máli í þessu sambandi að sjálfið (6) veit af sér (við erum meðvituð um okkur sjálf sem okkur sjálf), (7) það er gerandi í siðferðilegri breytni og (8) það er viðfangsefni siðferðilegs mats.

Ég ætla ekki að fara ítarlega í þessi atriði. Að breyta sjálfi er svolítið eins og að breyta fjalli. Það er bæði hversdagsleg reynsla okkar og staðfest í margvíslegum rannsóknum að sjálf eru mjög stöðug fyrirbæri. Auðvitað taka sjálf breytingum en þær eru yfirleitt fremur litlar og hægfarar. Róttæk sjálfshvörf eru möguleg en afar sjaldgæf (Kristján Kristjánsson, 2007)). Það er hins vegar ekkert ótrúlegt við það að skipta um kenningu, ekki síst ef maður stendur frammi fyrir óyggjandi vísbendingum um að kenningin sé röng. Þetta er gert í vísindum á hverjum degi og þetta gerum við líka í hversdagslífinu. Meðal annars af þessum sökum virðist mér að smíðahyggja um sjálfið eins og sú sem Harré setur fram sé ekki nógu sannfærandi.

Raunar virðist mér að atriðin átta sem ég nefndi að ofan vísi til einhverskonar hluthyggju um sjálfið. Ekki endilega hluthyggju eins og þeirrar sem Descartes setti fram, en hluthyggju engu að síður. Á sínum tíam setti skoski heispekingurinn David Hume einmitt

fram hugmynd um sjálfið sem nærtækast er að kalla hluthyggju þótt hann hafi sett sínar hugmyndir fram beinlínis í andstöðu við þesskonar hluthyggju sem Descartes hafði haldið fram einni öld fyrr. Kristján Kristjánsson, heimspekingur, hefur einmitt blásið lífi í þessar hugmyndir Humes og sett fram kenningu um það sem hann kallar *hið siðferðilega sjálf* (Kristján Kristjánsson, 2010). Kjarninn í hugmyndinni um hið siðferðilega sjálf er að það að hafa sjálf er ekki að hafa kenningu, eins og Harré hugsaði sér það, heldur að hafa geðshræringar eða geðhrif (e. *emotions*) af tilteknu tagi. Samkvæmt hugmyndum Humes er sjálfið samsett úr eða byggt á geðshræringum – *emotional activity* – en er ekki afleiðing eða ályktun af einhverskonar gögnum (kannski eins og maður dregur ályktun um sannleika kenningar af tilteknum gögnum). Samkvæmt hugmyndinni um hið siðferðilga sjálf skiptir höfuð máli í því ferli sem við getum kallað sjálfsmyndun hvað við veljum og hvernig við metum hluti. Kristján orðar þetta á eftirfarandi hátt:

Til að hafa sjálfsmynd (e. *self-concept*) verðum við að hafa skilið þá hugmynd að við metum og veljum tiltekna hluti. En til að skilja þá hugmynd, þá verðum við fyrst að hafa skilið þá hugmynd að aðrir meti og velji hluti: sér í lagi verðum við að skilja að við sjálf séum metin og valin, eða vanmetin og okkur hafnað af öðrum. (Kristján, 2010, bls. 48)

Þessi hugmynd um sjálfið gerir ráð fyrir að sjálfið sé félagslegt í eðli sínu, þ.e. það verður til og því er viðhaldið í félagslegum samskiptum og tengslum. Og þau tengsl sem mestu máli skipta eru *gildishlaðin* tengsl. Sum varða beinlínis mat okkar á okkur sjálfum, eða mat okkar á mati annarra á okkur sjálfum. En jafnvel þau tengsl sem ekki varða beinlínis eigin verðleika, fela í sér gildismat á því sem fyrir augu ber.

Hugmyndafræði og sjálfsvirðing

Ég ætla ekki að fara nánar út í kenningu Humes og Kristjáns um sjálfið. Í staðinn ætla ég að koma mér aftur að efninu sem er til umræðu í dag, nefnilega hugmyndafræði og sjálfsvirðingu. Ég hef kannski sagt nóg til að tengslin við hugmyndafræði séu augljós. Samkvæmt hugmyndinni um hið siðferðilega sjálf þá verður sjálfið til í félagslegum samskiptum og er líklegat til að draga í sig fjölmarga þætti úr ríkjandi hugmyndafræði, hvort heldur leynt eða ljóst. Að því marki sem hugmyndafræðin lætur í tjé gildismat, hvort

heldur á hlutum, stofnunum, persónum eða t.d. kyni, þá er líklegt að slíkt gildismat verði grundvöllur þess persónulega mats sem er einn liður í sjálfsmyndun einstaklingsins.

En eins og ég hef þegar sagt, þá er þessi sjálfsmyndun ekki spurning um að koma sér upp tilhlíðilegri kenningu heldur er hún spurning um geðshræringar. Það er kannski nauðsynlegt að segja nokkur orð um notkun mína á orðinu *geðshæring*. Á ensku er talað um *emotion*, og þá gerður skýr greinarmunur á t.d. *feeling* og *emotion*. Á íslensku liggur kannski beinast við að gera þennan greinarmun með orðunum *tilfinning* og *geðshræring* eða *geðhrif*, þótt orðið *kend* geti einnig verið viðeigandi sem þýðing á *feeling*. Eitt af því sem einkennir geðshræringar og greinir þær frá annars konar tilfinningum er að þær beinast að einhverju eða eru um eitthvað. Ef ég er reiður, þá hefur reiði mín eitthvert viðfang. Ég er reiður við einhvern eða yfir einhverju. Ef ég er öfundsjúkur þá beinist öfund mín að einhverjum. Tilfinningar eða kenndir, t.d. sársauki eða kláði, hafa ekki viðfang í þessum skilngi.

Annað sem einkennir geðshræringar er að þær geta verið viðeigandi eða óviðeigandi. Afbrýðisemi mín getur verið viðeigandi, ef hún beinist að einhverjum sem hefur hlotið einhver gæði sem ég átti frekar skilið að fá. Reiði mín getur verið viðeigandi ef hún beinist að einhverjum sem hefur virikilega gert eitthvað sem tilefni er til að reiðast yfir. Þegar geðshræringar eru metnar sem viðeigandi eða óviðeigandi, þá skiptir líka máli hversu sterkar þær eru. Það getur verið viðeigandi fyrir mig, á tilteknum tíma, að verða svolítið reiður við tiltekinn einstakling. En það gæti hins vegar verið óviðeigandi að verða alveg brjáláður, rétt eins og það gæti verið jafn óviðeigandi að verða ekki reiður yfirleitt. Í þessum skilningi er oft hægt að tala um meðlhóf geðshræringa. Tilfinningar eins og sársauki og kláði eru aldrei viðeigandi eða óviðeigandi í þessum skilningi.

Sumar geðshræringar hafa sjálfið beinlínis að viðfangsefni. Hér á ég við geðræringar eins og stolt og skömm. Stolt getur verið viðeigandi ef maður hefur gert eitthvað virðingarvert. Auðvitað á maður ekki að fara yfirum í stoltinu, þá heitir það að fyllast drambi. En maður skyldi heldur ekki forðast stolt því óhóflegt lítillæti eða auðmýkt getur líka verið óviðeigandi. Hafi maður virikilega gert eitthvað verðugt er rétt og eðlilegt að kannast við það og meta sjálfan sig fyrir það. Og nú er ég loks kominn að sjálfsvirðingunni sem ég var svo djarfur að hafa í titli þessa erindis. Kristján Kristjánsson segir á einum stað:

Manneskjur sem hafa sjálfsvirðingu búa ekki einungis yfir stolti sem tilfallandi hneigð og undirliggjandi geðshræringu, þær hafa einnig viðeigandi næmi fyrir eigin reisn; þær eru, svo að segja, stoltar yfir eigin gildi og vænta viðurkenningar á því frá öðrum. (Kristján, 2010, bl.s 162)

Ef við skiljum stolt og sjálfsvirðingu þessum skilningi, og ef við föllumst á það með Hume og Kristjáni að sjálfið sé í grunninn mótað af geðshræringum – ekki síst geðshræringum eins og stolti en líka skömm – þá getum við kannski skilið betur hvers vegna misrétti er jafn þrálátt og raun ber vitni.

Að breyta viðhorfum um gildi er eins og að breyta fjalli. Mat okkar á okkur sjálfum og öðrum, væntingar okkar til okkar sjálfra og annarra, velta ekki bara á hugmyndum okkar um gildi. Slíkt mat er bundið sjálfveru okkar, innsta kjarna þess sem við erum, og er bundið geðshræringum eins og stolti og skömm. Slíkum viðhorfum verður ekki breytt með því að láta í té upplýsingar, kenna einhverja leikni eða umraða hlutum og hlutverkum í umhverfi okkar. En er þá ekkert hægt að gera? Eigum við þá bara að segja sem svo, að misréttið sé ekki bara rótfast í félagslegu skipulagi og hugmyndafræði samfélagsins heldur sé það svo inngróið í gildismat og kjarna fólks – vissulega ekki hvernig manneskju en nógu margra til að vera ríkjandi – að því verði hreinlega ekki breytt?

Ég held ekki. En við upprætum ekki misréttið með upplýsingum, og heldur ekki með áróðri eða hvatningu. Allt þetta er gott með og nauðsynlegt líka. Ef við viljum komast fyrir rót vandans verðum við að kenna okkur, og kenna börnunum okkar, að vera stolt yfir hlutum sem mismuna ekki öðrum. Við verðum að hugsa um það, á hverju sjálfsvirðing okkar byggir og hvaða leiðir við höfum, frá unga aldri, til að öðlast sjálfsvirðingu sem er í senn *viðeigandi* og *lýðræðisleg*. En hvernig kennir maður manneskju að vera stolt yfir einhverju ákveðnu og ekki yfir öðru? Nám og kennsla miðast alltof oft við vitsmunina eina saman; það er eins og Descartes sé genginn aftur í hugmyndum kennara um sjálf nemenda – að hann sé draugurinn í þeirri vél sem er skipulag samfélagsins á menntun og félagsmótun.

Ef við ætlum að standa okkur gagnvart þeirri kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi þá verðum við, held ég, að byrja á því að kveðja niður þennan draug. Því næst verðum við að komast að því hvað það er sem börn eru í raun stolt yfir. Og við verðum að skapa þeim tækifæri til að vera stolt yfir hlutum sem er viðeigandi fyrir þau að vera stolt yfir.

Heimildir

- Damasio, Antonio. (1994). *Descartes error: Emotion, reason and the human brain*. New York: Avon Books.
- Descartes, Réne. (2001). *Hugleiðingar um frumspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Harré, Rom. (1986). Mind as a social formation. Í J.Margolis, M. Krausz og R.M. Burian (rtstj.), *Rationality, relativism and the human sciences. Studies of the greater philadelphia philosophy consortium*, Volume 1, bls. 91–106.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristján Kristjánsson. (2007). Menntun, sjálfsþroski og sjálfshvörf. *Hugur: Tímarit um heimspeki*, bls. 121-133.
- Kristján Kristjánsson. (2010). *The self and its emotions*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Nussbaum, Martha. (2006). *Frontiers of justice*. Cambridge, MA.: Harvard University Press.
- Okin, Susan Moller. (1989). *Justice, gender and the family*. New York: Basic Books.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.